

# Málfregnir

vefrit » íslenskan.is

1. tölublað • 22. árgangur • nóvember 2024

## Efni

- 2** *Frá Íslenskri málnefnd*
- 3** *Samstarf norrænna málnefnda*  
Helga Hilmisdóttir
- 5** *Yfirlýsing um norræna málstefnu*
- 7** *Stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2024–2027*

## Afmælimálþing Íslenskrar málnefndar 17. október 2024

- 9** *Íslensk málnefnd í 60 ár – Tími ályktana og tími framkvæmda*  
Ármann Jakobsson
- 11** *Göngum við til góðs? – Hugleiðingar um stöðu íslenskrar tungu*  
Guðrún Kvaran
- 14** *Menningarhamfarir og málvistkerfi – Hugleiðing á sextugsafmæli Íslenskrar málnefndar*  
Kristján Árnason



# Frá Íslenskri málnefnd



Frá afmælistálfingi Íslenskrar málnefndar.

Íslensk málnefnd var stofnuð árið 1964 og ákveðið var að minnast 60 ára afmælis hennar með stuttu málþingi í október sem hafði einnig þann tilgang að vekja athygli stjórnvalda á hinu mikilvæga starfi nefndarinnar og fjölmörgum tillögum hennar um verkefni í þágu íslenskrar tungu. Ráðamönnum var boðið á málþingið. Menningar- og viðskiptaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, hélt þar ávarp og sat allt þingið. Málþingið var haldið 17. október og í kjölfarið var málnefnd fagnað með veitingum. Erindin af málþinginu birtast í Málfrægnum en þar var farið yfir starf nefndarinnar í 60 ár og urðu þau einnig úttekt á stöðu tungunnar.

Ný málnefnd var skipuð í ár og tók til starfa í apríl; hún mun starfa til 1. janúar 2028. Fyrsta verk málnefndar var að leggja drög að stefnu næsta starfstíma og hafa helstu áhersluatriði þegar verið ákveðin. Stefnuskrá áráanna 2024–2027 er frágengin og birtist í þessum Málfrægnum.

Málræktarþingið var ekki haldið að sinni vegna þess hve dróst að fullskipa málnefnd og engin ályktun um íslenska tungu var því birt í ár. Málnefnd lagði í staðinn áherslu á að fylgja eftir áhersluatriðum úr fyrri ályktunum sem margar eru enn í fullu gildi.

Málnefnd hefur sinnt ýmsum erindum, meðal annars gefið góð ráð og sagt álit sitt á áformum menningar- og viðskiptaráðherra um endurskoðun á lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákmarks.



Helga Hilmisdóttir

# Samstarf norrænna málnefnda

Í ágúst síðastliðnum var haldinn árlegur fundur norrænna málnefnda í Eddu, nýjum húsakynnum Árnastofnunar. Sögu þessa samstarfs má rekja allt aftur til ársins 1954 þegar málfræðingjafar á Norðurlöndum skipulögðu í fyrsta sinn *Nordiskt språkmöte*, eða Norræna tungumálþingið. Þótt hópurinn hafi frá þeim tíma breytt um nafn og tungumálunum fjölgað er starfsemin í grunninn enn sú sama. Haldnir eru árlegir fundir þar sem fulltrúar landanna bera saman bækur sínar og fjalla um málefni sem eru ofarlega á baugi á sviði málræktar.

## Í deiglunni

Í ár var aðalumfjöllunarefnið inngildandi mál, sér í lagi frá sjónarhóli kynjaumræðunnar. Umræðuna leiddi Lena Lind Palicki, málfræðingjafi og höfundur bókarinnar *Inkluderande språk – att välja sina ord* (Inngildandi mál – að velja orð) sem kom út í Svíþjóð fyrr á árinu. Í ljósi líflegar umræðu hér á landi um kynjað mál, sem náði m.a.s. upp í ræðustól Alþingis, var fróðlegt fyrir íslenska málfræðinga að fá yfirlit yfir stefnur og strauma á Norðurlöndum og ræða málefnið á fræðilegum forsendum. Í ljós kom að þótt umræðan um inngildandi mál mótist að einhverju leyti af hverju tungumáli fyrir sig mátti skynja sameiginlegan þráð og svipuð álitafni um öll Norðurlönd.

## Samstarf, samráð og samstaða

Eitt aðalmarkmið nefndarinnar er að skapa samstarfsvettvang þar sem fulltrúar málfræðingjafa á Norðurlöndum geta deilt reynslu sinni og fræðst

hver af öðrum. Þetta er m.a. gert með árlegum fundum eins og sá sem haldinn var í ágúst hér á landi. Annað hvert ár eru svo haldin stærri málþing með boðsfyrirlesurum sem birta afraksturinn í tímaritinu *Språk i Norden*. Tímaritið hefur komið út árlega frá árinu 1970 og geymir því hafsþó af fróðleik um stöðu tungumála á Norðurlöndum síðastliðin 54 ár. Sem dæmi um umfjöllunarefni, sem hafa verið til umfjöllunar á síðustu árum, má nefna íðorð í þágu samfélags, máltækni og málskilning í fjöltyngdum samfélögum á Norðurlöndum.

Samstarfsnefndin skipuleggur samnorræn verkefni og vinnuhópa sem tengjast starfsviði málnefndanna. Sem dæmi um slíka starfshópa má nefna norrænt samstarf um auðskilið mál (Klarsprog) og máltækni (ASTIN), en báðir þessir hópar halda reglulega fundi, skipuleggja sameiginleg verkefni og halda ráðstefnur. Máltækniþingurinn hefur lagt áherslu á að miðla þekkingu á milli landa og að aðstoða fámenn tungumál og minnihlutamál. Þetta er í takt við annað yfirlýst markmið nefndarinnar sem er að efla og aðstoða að megni öll tungumál sem eiga aðild að samstarfsnefndinni, ekki síst minnihlutamál sem standa höllum fæti og teljast í útrýmingarhættu samkvæmt UNESCO.

Sem dæmi um tungumál í viðkvæmri stöðu má nefna samísk tungumál sem töluð eru þvert á landamæri, þ.e. í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Rússlandi. Nýlega gáfu stjórnvöld í Svíþjóð og Finnlandi til kynna að til stæði að skera niður stuðning við samísku málnefndina *Sámi Giellagáldu*,

sem heldur utan um stöðlun, orðabókargerð og máltækni. Talsmenn Sama telja að þetta muni leiða til þess að tungumálin hverfi endanlega. Norðurevrópska málsvæðið myndi þar með glata mikilvægum þætti í menningarsögu sinni. Það er skylda samstarfsnefndar málnefnda á Norðurlöndum að leita allra ráða til að koma í veg fyrir að það geti gerst.

### Málakilningur og framtíðin

Samskipti samstarfsnefndar norrænna málnefnda fara fram á stóru skandinavísku tungumálanum: dönsku, norsku og sænsku. Það er í samræmi við markmið yfirlýsingar um norræna málstefnu sem Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, nýsköpunar- og iðnaðarmálaráðherra, undirritaði fyrir Íslands hönd. Í yfirlýsingunni segir m.a. að áfram skuli „notast við skandinavísku tungumálin í norrænu samstarfi“. Einnig segir í yfirlýsingunni að markmiðið sé að allir Norðurlandabúar „geti haft samskipti á að minnsta kosti einu skandinavísku tungumáli og hafi næga færni í öðrum skandinavískum tungumálum til að taka þátt í norrænu málsamfélagi“. Þetta eru háleit markmið því ljóst er að færni í norðurlandamálum fer hrakandi meðal finnskumælandi Finna og fólks sem býr á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi.

Málakilningur Norðurlandabúa hefur frá upphafi verið eitt af helstu áhersluatriðum samstarfsnefndarinnar. Nefndin hefur t.d. staðið að rannsóknum á því hvernig Norðurlandabúum gengur að skilja talað mál nágrannaþjóðanna og hún hefur fylgst náið með þróuninni undanfarin ár. Nefndarmenn hafa því ýmislegt fram að færa hvað varðar nauðsynlegar úrbætur og innviðaupbyggingu ef ætlunin er að fylgja sáttmálanum eftir. Fulltrúar nefndarinnar hafa því m.a. sótt fundi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn til að kynna sín áherslumál og sýn á framtíðina, m.a. varðandi samstarf á sviði iðorða og máltækni.

### Samstarfsnefnd norrænna málnefnda

Auk Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eiga eftirfarandi stofnanir fulltrúa í nefndinni:

- Dansk sprognævn
- Málráðið í Færeyjum
- Institutet för de inhemska språken i Finlandi
- Institutet för språk och folkminnen i Sviþjóð
- Oqaliseriffik á Grænlandi
- Sámi Giellagáldu, Sápmi
- Språkrådet i Noregi.

### Samísk tungumál

- Níu tungumál sem skyld eru finnsku og eistnesku.
- Um 25.000 málhafar í fjórum löndum: Noregi, Sviþjóð, Finnlandi og Rússlandi.
- Viðurkennd sem opinber mál í nyrstu héruðum Noregs.
- Hafa stöðu sem minnihlutamál og frumbyggjamál í Sviþjóð.
- Staða Sama í Rússlandi er mjög viðkvæm.
- Elstu rituðu heimildir eru trúarrit frá byrjun 17. aldar.

### Sprák i Norden

<https://tidsskrift.dk/sin>



# Yfirlýsing um norræna málstefnu

Miklu skiptir fyrir sjálfsmynd okkar hvaða tungumál við tölum, hvernig aðrir skilja okkur og hvernig við skiljum aðra. Enn fremur miðla tungumál, ásamt menningu, sögunni og eru mikilvægasta sameiginlega grunnstoð samfélags okkar. Þau eiga þátt í að skapa samfélag og traust og efla lýðræði og þátttöku. Af þeim ástæðum er norrænt málsamfélag mikilvægur liður í að styrkja norræna sjálfsmynd og á því þátt í að gera Norðurlönd að samþættasta svæði heims.

Eitthvert skandinavísku tungumálanna er talað á stórum hlutum Norðurlanda en auk þeirra er talaður fjöldi annarra tungumála á þessu fjöltyngda heimssvæði okkar. Við gerum enda öllum tungumálum jafnhátt undir höfði þó svo að hlutverk þeirra kunni að vera mismunandi. Þjóðtungur Norðurlanda, sem notaðar eru í opinberum tilgangi, eru danska, finnska, færeyska, grænlenka, íslenska, norska (bókmál og nýnorska), samísku tungumálin og sænska. Af þessum tungumálum eru samísku málin og grænlenka skilgreind sem tungumál frumbyggja. Þá hafa eftirfarandi tungumál, sökum langrar tilvistar þeirra á Norðurlöndum, sérstaka stöðu sem svæðisbundin minnihlutatungumál: meänkieli, kvenska, finnska, samísku málin, rómamálin, jiddíska og þýska. Að auki ber að nefna norrænu táknmálin. Loks hefur fjöldi nýrra tungumála, og þar með móðurmála, tekið sér bólfestu á Norðurlöndum í gegnum tíðina með fólksflutningum frá öðrum málsvæðum. Í skólum læra öll börn og ungmenni ensku og að mismiklu leyti önnur tungumál. Mikilvægt er að við á Norðurlöndum búum yfir mjög góðri færni í tungumálum sem hafa víðtæka útbreiðslu. Fjöltyngi og samhliða tungumálanotkun á þátt í að treysta stöðu Norðurlanda á heimsvísu

og tryggja framgang sameiginlegrar framtíðarsýnar okkar.

Sem norrænt samfélag er það ósk okkar að varðveita og þróa bæði öll tungumál okkar og norrænt málsamfélag. Samkvæmt Helsingforssamningnum skulu kennsla og menntun á Norðurlöndum taka til kennslu í tungumálum og um menningu og almennt þjóðfélagsástand í öðrum norrænum löndum, þar á meðal Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum. Við viljum efla sameiginlega þekkingu og skilning á þeim tungumálum sem við tölum, sérstaklega skilning á skandinavísku tungumálunum.

Efla skal áhuga barna og ungmenna á norrænum tungumálum og norrænni samvinnu. Það eru þau sem munu þróa norræn samfélög í framtíðinni.

**Markmiðið með þessari yfirlýsingu er að hún skuli vera grundvöllur almennrar, umfangsmikillar og virkrar málstefnu til lengri tíma þar sem:**

- Þjóðtungur á Norðurlöndum standa og halda áfram að standa vel að vígi og vera lifandi.
- Þjóðtungurnar halda áfram að vera undirstöðutungumál á öllum sviðum samfélagsins og notaðar áfram á vísindalegum vettvangi.
- Áfram er notast við skandinavísku tungumálin í norrænu samstarfi, það er að segja dönsku, norsku og sænsku.
- Öll tungumálin á Norðurlöndum haldi velli og þróist á tímum sem einkennast af stafrænni tækni ásamt gervigreind, alþjóðavæðingu og fólksflutningum.

Norræn málstefna kemur til viðbótar við málstefnur einstakra landa og miðar að því að allir Norðurlandabúar:

1. Geti talað, skilið, lesið og skrifað á því eða þeim tungumálum sem eru undirstöðutungumál þar sem þeir búa, þannig að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu.
2. Geti haft samskipti á að minnsta kosti einu skandinavísku tungumáli og hafi næga færni í öðrum skandinavískum tungumálum til að taka þátt í norrænu málsamfélagi.
3. Hafi tækifæri til að varðveita og þróa móðurmál sitt, tungumál frumbyggja, táknmál og svæðisbundin minnihlutamál.
4. Hafi aðgang að upplýsingum um tungumálaréttindi og stöðu tungumála á Norðurlöndum.

Markmiðum í þessari yfirlýsingu verður fylgt eftir með starfsáætlunum sem endurskoðaðar verða með reglulegu millibili. Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir og Norræna ráðherranefndin um menningarmál hyggjast búa svo um hnútana að áætlunum þessum verði framfylgt og þær samþykktar og innleiddar á viðkomandi fagsviðum svo að ná megi markmiðum þessarar yfirlýsingar.

*Yfirlýsingin var undirrituð í Stokkhólmi 2. maí 2024.*



# Stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2024–2027

## Megináherslur í starfi nefndarinnar 2024–2027

Eitt af mikilvægustu verkefnum Íslenskrar málnefndar er að vinna markvisst að því að íslenska haldi gildi sínu og verði áfram nothæf og notuð á öllum sviðum íslensks þjóðlífs.

12. mars 2009 samþykkti Alþingi íslenska málstefnu sem gefin var út í ritinu *Íslenska til alls*.<sup>1</sup> Þá var í júní 2019 samþykkt á þinginu Ályktun um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi nr. 36/149 sem grundvallaðist að verulegu leyti á ábendingum Íslenskrar málnefndar og er mikilvægt viðmið fyrir starf málnefndarinnar. Árið 2021 sendi málnefnd frá sér málstefnu 2021–2030 en enn hefur henni ekki verið fylgt eftir af stjórnarsýslunni. Ráðherra lagði fyrir þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2024–2026 sem samþykkt var á Alþingi 8. maí síðastliðinn.

Á skipunartíma starfandi Íslenskrar málnefndar 2024–2027 mun nefndin í samvinnu við menningar- og viðskiptaráðuneyti fylgjast með því að unnið verði markvisst að markmiðum þingsályktunartillögunnar og málstefnunnar.

Hér verða nefnd þau verkefni sem Íslensk málnefnd hyggst einkum beita sér fyrir á skipunartímanum:

## 1 Regluverk íslensku

Gert er ráð fyrir að ályktun um stöðu íslenskrar tungu árið 2025 snúist um þetta mál. Lögum um íslenska tungu fylgja engin viðurlög og þau eru því ekki jafngild t.d. skattalögum eða umferðarlögum. Spyrja má hvort þau eigi að vera það. Þá vantar skýrari skilgreiningu á ferlinu þegar

Íslensk málnefnd veitir áminningar vegna brota á lögum um tunguna og hvort ráðuneytinu ber að fylgja ábendingum nefndarinnar eftir ef þeim er ekki svarað fullnægjandi. Kanna þarf og læra af reynslu annarra þjóða sem beitt hafa viðurlögum, t.d. Eistlendinga og Frakka. Rætt hefur verið um það á síðustu árum hvort þurfi að uppfæra óopinberan ritmálsstaðal íslensku, að hann sé of fornlegur og ekki í samræmi við breytingar á þjóðfélaginu. Í öllum þjóðfélögum eru einhvers konar viðmið um vandað mál en þau mega ekki fjarlægjast of mikið almennt mál. Ætti málnefndin að beita sér fyrir því að hafin verði vinna við endurnýjun málstaðalsins í samvinnu við Árnastofnun og aðra?

## 2 Íslenska, snjalltæki og unga fólkið

Þetta yrði höfuðatriði ályktunar um stöðu íslenskar tungu árið 2026. Snjalltækjavæðing og samfélagsmiðlar fela í sér miklar áskoranir fyrir tungumál sem ekki eru í ráðandi stöðu. Íslenska er þar lítt áberandi og það getur haft neikvæð áhrif á stöðu hennar og fækkað umdæmum. Áhersla stjórnvalda á máltækni á síðustu árum er sterkt andsvar við þessu og ræða þarf til hvaða frekari aðgerða er hægt að grípa. Frumkvæði menningar- og viðskiptaráðuneytis að nýrri íslenskusíðu Árnastofnunar m.is (<https://m.is>) fyrir yngra fólk og þá sem eru að læra íslensku sem annað mál er frábær áfangi en sjá þarf til þess að vefurinn verði þróaður áfram. Kanna þarf hvaða önnur skref er hægt að taka til að gera íslensku meira áberandi í snjalltækjum og nýta tæknina til að greiða leið tungunnar að yngra fólki.

1. *Íslensku til alls* má nálgast á vef mennta- og barnamálaráðuneytis ([www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)) og á slóðinni [www.islenskan.is](http://www.islenskan.is).

### 3 Miðlun listar og fróðleiks á íslensku

Þetta yrði höfuðatriði ályktunar um stöðu íslenskar tungu árið 2027. Þörf er á skýrri aðgerðaáætlun um þetta efni ekki ósvipaðri þeirri sem áður var til í máltækni. Handhægt vefalfræðirit þarf að verða til á næstu fimm árum og mikilvægt er að stjórnvöld styrki það mál myndarlega þannig að íslenska sitji við sama borð og stærri tungumál. Eins þarf að styðja betur við listir og menningu á íslensku sem eiga erfitt með að keppa við erlent efni. Efla þarf listasjóði til mikilla muna og leggja áherslu á að miðlun listar fari fram á netinu jafnt sem utan til að hún nái til þeirrar kynslóðar sem mest sækir sér afþreyingu og fróðleik þar.

Íslensk málnefnd er sammála um að leggja höfuðáherslu á þessi þrjú atriði næstu þrjú árin. Verður m.a. efnt til málþinga um hvert og eitt og reynt að vekja athygli á mikilvægi þess að efla stöðu íslenskrar tungu. Auk þess mun ályktun hvers árs snúast um þau.



Árman Jakobsson

# Íslensk málnefnd í 60 ár

## Tími ályktana og tími framkvæmda

Góðir hálsar!

Við minnumst þess í dag að Íslensk málnefnd er sextíu ára í ár en samt er hún líka táningur þar sem eðli hennar breyttist mjög árið 2006.

Ef til vill vita ekki allir sem hér eru að upphaflega tók Íslensk málnefnd við af nýyrðanefnd Háskóla Íslands sem var hluti af Orðabók Háskólans og var nokkurra ára gömul þegar nafni hennar var breytt í Íslenska málnefnd árið 1964. Í fyrstu nefndinni sátu Halldór Halldórsson formaður, Þórhallur Vilmundarson, Bjarni Vilhjálmsson og Jónas Kristjánsson varamaður. Jakob Benediktsson tók fljótlega við starfi formanns en síðan hafi gegnt því starfi Baldur Jónsson, Kristján Árnason, Guðrún Kvaran og sá er hér stendur.

Upphaflegt hlutverk málnefndar var iðorðastarf enda arftaki nýyrðanefndar og málfarsráðgjöf til leiðbeiningar fyrir stofnanir og almenning. Lengi var nefndin án starfsmanna og gat því lítið sinnt upplýsingagjöfni en það breyttist með nýjum lögum árið 1984. Þá jukust umsvif málnefndar mjög með stofnun Íslenskrar málstöðvar árið 1985 sem tók að sér málræktarverkefni og nýyrðastarf málnefndar sem varð í staðinn stjórn málstöðvar en þessar tvær stofnanir voru síðan aðskildar árið 2006. Það sem var helsta hlutverk málnefndar í upphafi (nýyrðastarfið) hvarf inn í Árnastofnun en Íslensk málnefnd fékk það ráðgjafar- og stefnumótunarhlutverk fyrir stjórnvöld sem hún hefur nú.

Þegar Íslensk málnefnd tók við nýju meginhlutverki árið 2006 var sannarlega verk að vinna við gerð nýrrar málstefnu. Um leið voru blikur á lofti því að fjölmörg fyrirtæki og jafnvel stofnanir gældu þá við að nota ensku sem vinnumál sitt og fjölmargir héldu því fram að Íslendingar ættu að gerast tvítyngdir og væru jafnvel þegar orðnir það, þó að engar rannsóknir lægju á bak við slíkar fullyrðingar.

Íslensk málnefnd var á þeim tíma mjög skelegg í ályktunum sínum og hefur haldið því áfram. Seinni ár hefur hún fylgt eftir greiningu sinni á stöðu tungunnar með æ skýrari tillögum til stjórnvalda og ábendingum um verkefni sem gætu verið gagnleg fyrir stöðu tungunnar. Stjórnvöld settu lengi vel lítið sem ekkert fjármagn í þennan málaflokk en það hefur heldur aukist seinustu ár. Íslensk málnefnd hefur undanfarið verið iðin við að benda á sértæk verkefni sem koma mætti á fót ef fjármagn væri fyrir hendi og gerðu tungunni mikið gagn.

Mikilvægt er stjórnvöld fylgi eftir sínu góða starfi seinustu árin og nýti sér þá vel ábendingar og tillögur frá Íslenskri málnefnd sem hefur ekki haft neitt bolmagn til framkvæmda eins og fyrsti formaðurinn, Halldór Halldórsson, benti reyndar á í fyrsta viðtalinu um málnefndina árið 1965.

Þar lýsir hann starfi málnefndar á greinargóðan hátt en draumur hans er að bæta framburð landsmanna. Eins og hann orðar það í viðtalinu: „Hins vegar skal fram tekið, að framburðarslekja

gengur nú sem lok yfir akra. Það er alvarlegt mál, sem taka verður föstum tókum.“ Ég þekki sögu framburðarslekjunnar ekki, hafði raunar aldrei séð orðið fyrr þegar ég las viðtalið en árið 1971 skilaði nefnd á vegum Félags íslenskra fræða rækilegu álitum um móðurmálskennslu í framhaldsskólum og þar er meðal annars vikið að framburðarslekjunni sem er sögð „versti mállöstur á Íslandi nú á dögum“. Ef til vill var hún ekki síst áberandi í fari unglunga.

Árið 1966 benti Árni Böðvarsson málfræðingur á fleiri máleinkenni unglunga í viðtali. Þar segir hann: „Unglingar eru miklu orðfærri en fullorðna fólkið, þeir kannast ekki við ýmis orð, sem alþekkt voru til skamms tíma og tjá sig á furðufátæklegan hátt.“ Það er ákveðin huggun að sjá að þetta er ekki glænýr vandi en vitaskuld hafa unnendur tungunnar og Íslensk málnefnd þar á meðal enn áhyggjur af því að orðaforði landsmanna rýrni talsvert.

Áhyggjur af sótt og dauða íslenskunnar eru vitaskuld ekki nýjar af nálinni. Hinn ágæti Íslandsvinur Rasmus Kristján Rask spáði dauða íslenskunnar árið 1814 „ef allt fer eins og hingað til og ekki verða rammar skorður við reistar“ í bréfi til Bjarna Þorsteinssonar síðar amtmanns – í svipuðum anda hefur Íslensk málnefnd ályktað á hverju ári frá 2007. Nú vitum við að árin 200 eftir að Rask skrifaði þetta einkenndust alls ekki af dauða íslenskrar tungu heldur þvert á móti af endurreisn hennar sem að mörgu leyti er stórmerkileg, ekki síst samstaða menntamanna um að forn málið yrði viðmið fyrir stafsetningu og málnotkun sem hefur leitt til þess að Íslendingar hafa náð að eiga til skamms tíma nánara samband við forrit sín en flestar aðrar þjóðir.

Rask var ekki maður af því tagi sem lét svartagallsraus á opinberum vettvangi nægja heldur greip hann til margvíslegra aðgerða í félagi við íslenska vini sína. Þar má meðal annars nefna stofnun Hins íslenska bókmenntafélags árið 1816 en það starfar enn, 208 ára gamalt. Þetta forna félag var beinlínis stofnað til að bjarga íslenskri tungu og hefur þann uppruna sinn enn í heiðri.

Þó að í upphafi hafi Íslenskri málnefnd ekki síst verið umhugað um framburð og nýyrði má ekki gleyma því að bókmenntir skipta öllu máli fyrir vöxt og viðgang íslenskunnar. Íslenska er ekki

aðeins tungumál heldur öflugt bókmenntamál. Á hverju ári koma fram fjölmörg ný ljóðskáld sem beita íslenskunni af mikilli fimi, meðal annars innflytjendur sem hafa reynst drjúgir liðsmenn ljóðsins.

Þá má ekki gleyma skólastarfinu en íslenskir kennarar hafa verið lykilmenn í að endurreisa tunguna og miðla henni til nýrra kynslóða, okkar allra bestu „starfsmenn á plani“ eins og það var orðað tiltölulega nýlega í snjöllum sjónvarpsþáttum. Án kennara allt frá leikskólum til Háskólans á íslenskan litla möguleika og sem betur fer er þar galvösk sveit sem á hverjum degi vinnur tungunni til þægðar.

Ógetið er enn Ríkisútvarpsins sem var stofnað árið 1930. Samkvæmt útvarpslögum er eitt helsta markmið útvarpsins að stuðla að varðveislu tungunnar og það hefur í tæpa öld skipt öllu máli fyrir tunguna á nýjum tímum. Hið sama á við um Þjóðleikhúsið sem hefur starfað síðan 1950.

Ég gæti lengi talið upp vini tungunnar en á hverju ári hefur Íslensk málnefnd veitt viðurkenningar fyrir það sem vel er gert í þágu íslensku. Ég get vitnað um það sjálfur að verðlaunahafar eru afar stoltir af þessari viðurkenningu og að minnsta kosti einn sem var margverðlaunaður hefur látið svo um mælt að þessi viðurkenning sé sú mikilvægasta af öllum.

Ályktanir Íslenskrar málnefndar frá árinu 2007 eru stórmerkileg gögn sem hafa hjálpað stjórnvöldum að skilja betur stöðu tungunnar og þær hættur sem að henni steðja. Nú á afmæli Málnefndar má velta því fyrir sér hvort tími ályktana sé ekki liðinn og tími framkvæmda runninn upp. Stjórnvöld hafa loksins sýnt vilja til að láta fé fylgja fögrum orðum um tunguna og mín ósk til handa íslensku er að þessi viðhorfsbreyting verði varanleg og að ýmsum hugmyndum Íslenskrar málnefndar frá seinustu árum verði senn hrint í framkvæmd.



Guðrún Kvaran

# Göngum við til góðs?

## Hugleiðingar um stöðu íslenskrar tungu

Komið þið sæl.

Nú er Málnefndin sextíu ára og óska ég henni til hamingju með að hún skuli enn vera til. Það er ekkert sjálfsagt nú um stundir. Ég hef fylgst nokkuð náið með nefndinni í áratugi eða allt frá því að ég fékk þar sæti fyrst sem fulltrúi Hagþenkis 1991 eða fyrir rúmum þremur áratugum. Síðar var ég kosin í stjórn og var stjórnarformaður vel á annan áratug. Ég þekki því vel sigra og vonbrigði þegar barist er fyrir íslenskri tungu.

Margt kemur upp í hugann þegar ég rifja upp starf mitt með nefndinni. Ég minnst þess til dæmis að eitt sinn sem oftast var ég á leið á fund norrænu málnefndanna með samstarfsmanni í nefndinni. Við ákváðum að fá okkur hressingu í flugvélinni þar sem við færum beint á fundinn. Í vasanum á stólbaki fyrir framan okkur var matseðill – en á ensku. Ung flugfreyja stóð rétt við sætaröð okkar og við báðum hana um íslenska matseðilinn. Það kom fát á hana og hún spurði eldri flugfreyju, sem stóð rétt hjá, um matseðil á íslensku. „Hann er ekki til, þau skilja alveg ensku“ svaraði hún en bætti svo við „þau eru frá Málnefndinni.“ Ég hef ekki hugmynd um hvernig hún vissi það. Ég skrifaði Isavia en fékk ekki svar. Ég skrifaði aftur einhverjum mánuðum seinna með sama árangri. Þá hafði ég ætlað að fá mér pylsu á flugvellinum en fékk svar frá afgreiðslumanninum á ensku heldur hranalegt: „Hér er töluð enska,

þetta er alþjóðlegur flugvöllur.“ Ég fékk mér ekki alþjóðlega pylsu. Í þriðja sinn skrifaði ég Isavia fyrir hönd Málnefndarinnar og þá vegna áberandi ensku á öllum skiltum. Íslenska var í mesta lagi með smáu lettri neðst. Ég átti leið um flugvöllinn nýlega og sá að á sumum skiltum var enskan ekki allsráðandi en mikið vantar upp á að viðunandi sé.

Já, mörg sendum við bréfin, t.d. þegar hætt var að nota íslenska stafi á treyjur íþróttamanna og -kvenna, þegar Flugfélag Íslands hét allt í einu Air Iceland Connect, þegar fréttist að tölvupóstur milli fólks í einum bankanna skyldi vera á ensku og þegar fleiri og fleiri verslanir og fyrirtæki tóku upp erlend heiti sem á mínum tíma var andstætt opinberum samþykktum. Nú geng ég mánaðarlega niður Laugavegin og sé ensku nánast í hverjum glugga frá Hlemmi og niður undir Þingholtsstræti þar sem ég beygi heimleiðis. Örfáar undantekningar þó. Er öllum sama? Ég spyr en á ekki sérstaklega von á svári.

Nú er ég hætt að skrifa bréf og mótmæla, nýtt fólk í Málnefndinni gerir það vonandi, en ég reyni að svara þeim sem leita til mín og þeir eru alls staðar að af landinu. Ég finn að eldra fólk er orðið ærið ráðvillt og veit ekki hvað má og hvað ekki. Það skilur illa hvers vegna málfar, sem það lærði á sínum tíma að væri rangt, væri nú í lagi af því að málið sé að þróast. Einhvern veginn hefur spurst út að hringja megí heim til mín. Ég reyni að taka vel á móti öllum. Oftast er fólk kurteist og spyr skynsamlega en stundum hefjast

samtölin á gassagangi, einkum ef viðmælandi er karlkyns og hefur lesið eitthvað á vefmiðli sem hann er ósáttur við. Öllum samtölum til þessa hefur lokið í vinsemd og þá hefur eitthvað á unnist. Ekki eru allir viðmælendur endilega gamlir. Ég hef eignast góða símvani úr mennta- og fjölbrautaskólum og ungir grunnskólakennarar hafa hringt og beðið um ráð fyrir kennslutíma, einkum um beygingar. Öll þessi samtöl segja mér að taka þarf af alvöru og festu en þó á jákvæðan hátt á málum ef við ætlum tungumálinu að lifa farsælega.

Vissulega hefur málið þróast frá landnámsöld og fram til dagsins í dag, orð hafa horfið, m.a. vegna breyttra starfshátta, önnur komið í staðinn, beygingar hafa breyst, en í málinu er þó viss órofin samfella. Með tiltölulega lítilli fyrirhöfn geta flestir lesið fornbókmenntirnar í aðgengilegum útgáfum og mér er sagt að geisladiskar með góðum upplestri sagnanna hafi selst vel. Þessu vilja fæstir glata. Eins er með kvæði þjóðskáldanna. Ef ekki er að gáð glatast þau, sömuleiðis verk eldri rithöfundar okkar. Sagt hefur verið við mig oftar en einu sinni: „Hvað með það. Það koma ný skáld og nýir rithöfundar.“ Það er vissulega rétt og ekki er ég að lasta það, við eigum fjöldann allan af góðum skáldum og rithöfundum á besta aldri en samfellunni megum við ekki glata. Í henni er fólgin mikill fjársjóður. Við gerum það ekki heldur ef við höfum eyru og augu opin.

Danski málfræðingurinn Rasmus Kristján Rask hafði miklar áhyggjur af framtíð íslenskunnar. Hann skrifaði bréf til Bjarna Thorsteinssonar 1813 og sagði:

Annars þjer einlæglega að segja held jeg, að íslenzkan bráðum muni útaf deyja; reikna jeg, að varla muni nokkur skilja hana í Reykjavík að 100 árum liðnum, en varla nokkur í landinu að öðrum 200 árum þar upp frá, ef allt fer eins og hingað til og ekki verða rammur skorður við reistar; jafnvel hjá beztu mönnum er annaðhvort orð á dönsku; hjá almúganum mun hún haldast við lengst.  
(Tímarit Hins íslenska bókmentafélags 1888: 56)

Halldór Laxness barðist gegn dönskuslettum og birti lista yfir óæskileg orð í greininni Auðnæm er ill danska. Titillinn hafði hann úr ljóði eignuðu

Hallgrími Péturssyni: „Illa danskan auðnæm er“ en það er önnur saga. Í þá daga tóku menn málið alvarlegar en nú. Barist var gegn dönskuslettum í blöðum, útvarpi og í skólum með góðum árangri og í eina skiptið sem ég hef verið rekin úr tíma var úr matreiðslutíma í Kvennaskólanum þegar kennarinn hafði heyrt mig segja við tvo samnemendur: „Det var dejlígt“.

Ekki er töluð danska í landinu nú en í staðinn herjar enskan á af sífellt meiri krafti. Allir þurfa að hjálpast að við að viðhalda góðri íslensku. Háskólakennarar geta gert mikið og sent út í skólana góða kennara fyrir öll stig. Þeir, og einnig þeir sem eru á eftirlaunum, geta sent pistla á vefmiðla og hvatt til vandaðs máls á jákvæðan hátt og ekki í nöldurtóni. Ríkisútvarpið á að taka sér tak og hvetja viðmælendur sína til að vanda málfar og ekki nota frasann „ef ég má sletta“ sem ekkert sýnir annað en hugsunarleti. Þegar ég mætti fyrir áratugum til að lesa inn fyrsta þátt minn um íslenskt mál fyrir Orðabók Háskólans tók á móti mér yfirmagnaravörðurinn og hélt yfir mér stutta tölu um mikilvægi þess að vanda málfar og framburð. Þetta var afbragðskennsla sem ég hef aldrei gleymt.

Allir fjölmiðlar, sem birta vefmiðla, þurfa að taka sér tak og hvetja pistlahöfundar til að lesa yfir það sem þeir skrifa. Þeim er viss vorkunn vegna tímaskorts en ég er viss um að hægt sé samt að gera betur. Þeir hafa nefnilega talsverð áhrif. Opinberir aðilar, sem fara með fjárveitingar, þurfa að gera enn betur. Ekki er nóg að setja á laggirnar nefndir og skrifa skýrslur. Síðast en ekki síst þarf að hvetja foreldra til að tala við börnin sín, lesa fyrir þau á meðan þau eru ólæs og helst lengur og brýna fyrir þeim að vanda sig. Börnum af erlendum uppruna þarf að hjálpa sérstaklega. Þau fá fæst örvun heima en finna mætti leið til að fá samnemendur til að hjálpa þeim markvisst. Nýjustu fréttir af notkun snjallsíma lofa ekki góðu. Það er verulega dapurlegt að heyra og lesa að 60% nemenda í 10. bekk lesi einungis ef þeir þurfa þess og að lestraráhugi hafi hrunið frá aldamótunum 2000. Ég hygg að þetta sé eitt mesta vandamálið sem við stöndum frammi fyrir.

Ég vona að Málnefndin fái að vinna sitt góða starf áfram og hún verði styrkt til þess ríkulega. Við þurfum á henni að halda í baráttunni rétt eins og Frakkar sem hafa sína Académie française og Þjóðverjar Verein der deutschen Sprache svo dæmi séu nefnd.

Við ættum hér öll að hugleiða hvort við höfum

gengið til góðs. Höfum við gert okkar besta fyrir tungumálið, getum við gert betur? Reynum að gera betur. Þá verður íslenska tungumálið sem talað verður og skrifað í þessu landi eftir hundrað ár, tvö hundrað ár, jafnvel lengur.



## Heimild

Rasmus Kristján Rask. 1888. Brjef frá Rask. A. Til Bjarna Thorsteinssonar. Byrjað á Reynivöllum þ. 30. ág. 1813. Framhaldið í Reykjavík þ. 2. sept 1813. *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*. IX. árgangur: 1.–2. hefti, 54–61.

Kristján Árnason

# Menningarhamfarir og málvistkerfi

## Hugleiðing á sextugsafmæli Íslenskrar málnefndar 2024

### Inngangur

Ég hef leyft mér að nota í yfirskrift þessa spjalls orðin **menningarhamfarir** og **málvistkerfi** sem ekki eru daglega á vörum manna. Myndhverfingin eða merkingarfærslan virðist raunar býsna augljós, því hvað eru það annað en hamfarir, þær stórkostlegu breytingar sem eiga sér stað í öllum boðskiptum með stafrænum miðlum, alþjóðlegri fjölmiðlun og gervigreind nútímans?

Og ekki má gleyma öllum innflytjendunum og ferðamönnunum. Allt þetta er hluti af vistkerfi tungumálsins, aðstæðunum sem ráða málþróuninni og formi og hlutverki tungunnar, og á þessum aðstæðum hafa orðið stórkostlegar breytingar síðan málnefndin var sett á laggirnar árið 1964.

Eðli málsins samkvæmt er Íslensk málnefnd pólitísk fyrirbrigði og að mínu mati sýnir sextíu ára saga hennar að hún hefur verið hið mesta þarfaping, ef svo má að orði komast.

Samkvæmt mínum kokkabókum eru **fjórir megináðilar** að þessu máli, það er að segja, það eru ferns konar hagsmunir og áhrifavaldar sem stýra málvistkerfinu.

Í fyrstu ber að huga að **málinu sjálfu, íslenskri**

**tungu**, sem svo er nefnd á hátíðarstundum, þar sem hæst ber sjálfan dag íslenskrar tungu. Þetta tungumál er flóknara fyrirbrigði en oft er látið í veðri vaka. Það er félagslegt fyrirbrigði, félagsleg eign segja sumir, og hefur boðskipta- og menningarhlutverk og er menningararfur með sögu sem vert þykir að huga að. Auk þess hefur það flókna formgerð sem er grunnurinn að því sem gjarna er talað um sem málkunnáttu einstaklinganna, málhafanna sem „hafa hana á valdi sínu“, eins og sagt er.

Við þessu fyrirbrigði blasir tvenns konar vandi í nútímanum, annars vegar **stöðuvandinn** sem félagsmálfræðingar og málræktarmenn kalla svo: Mun íslenskan lifa eða víkja fyrir ensku; munu Íslendingar framtíðarinnar hafa hana á valdi sínu? Hver verða örlög þessarar tungu?

Og hins vegar **formvandinn**: Hvernig breytist tungumálið? Er málnotkun að breytast það mikið að til sé að verða ný íslenska, formlega ólík þeirri gömlu, það sem hefur verið kallað Abstandssprache á þýsku eða nýtt formkerfi, annað en það sem áður var notað? Nýtt tungumál með nýjum viðmiðum, eða nýjum staðli, eins og ýjað hefur verið að í opinberu plaggi.

Þessum þáttum, formvanda og stöðuvanda, er reyndar mjög gjarna ruglað saman, jafnvel í opinberum gögnum. Íslenskri málnefnd hefur verið gert að gefa út árlega skýrslu um „stöðu íslenskrar tungu“. Hvað er hér átt við, formlega þróun eða jafnvel hnignun, eða notkunarsviðin, hvar er tungan notuð? Þótt það hafi ekki vakað fyrir þeim sem réðu þessu ákvæði virðist þetta bjóða upp á hugtakarugling, það sem Þorsteinn Gylfason heitinn kallaði ruglanda.

Annar meginaðili þessa máls eru augljóslega **íslenskir málnotendur**, þeirra þarfir og réttindi. Málnotendurnir mynda samfélagið. Og með vaxandi fólksflutningum stöndum við frammi fyrir því að ekki hafa allir íslenskir málnotendur, okkar „áskæra ylhýra“ að móðurmáli.

Þriðji aðilinn eru „**vitringarnir**“, sem ég kalla svo, þeir sem hafa skoðanir og „stýra“ umræðunni, málveirufraeðingarnir og reiðareksmennirnir, sérfræðingarnir. Þessir vitringar eru af ýmsum stærðum og gerðum og mis-fyrirferðarmiklir í umræðunni, og straumar og stefnur eru breytilegar. Sumir eru íhaldssamir, aðrir frjálslýndir, og boðskapurinn misjafn. Hér hafa reyndar allir tjáningarrétt, burtséð frá því hversu mikinn skilning þeir hafa á því sem við köllum „málefni tungunnar“.

Efst í þessu stigveldi eru stjórnvöldin, ráðuneytin, þar sem málstefna í þröngum skilningi er mótuð en öll erum við dómarar um málnotkun og höfum skoðun á málefnum tungunnar.

Í fjórða lagi er mikilvægur hluti af málvistkerfinu **menningarlegir, tæknilegir, fræðilegir og uppeldislegir innviðir**, menntakerfið og fræðimennirnir, að ógleymdum skáldunum og gervigreindinni. Og þar er þörf fyrir góð skáld, skipulag í málkennslu, íslensku og öðrum málum. Einnig er full þörf á því að leita skilnings á þeim lögmálum sem ráða daglegri og annarri málnotkun. Okkur vantar um þessar mundir ekki síst skilning á þeim félagslegu þáttum sem þar ráða ferðinni.

Og reyndar held ég að orðið hafi miklar framfarir á þessum sviðum, meðal annars í Árnastofnun, og hér er sagan auðvitað fróðleg.

### Saga málræktar og málnefndar

Upphaflega var Íslensk málnefnd eins konar útibú eða

hjálanda Háskóla Íslands og Orðabókar Háskólans. Menntamálaráðherra, sem þá hét svo, skipaði þrjá til fimm valinkunna lærdómsmenn til að hjálpa Íslendingum við notkun og varðveislu tungu sinnar. Frumkvæðið kom frá orðabókarnefnd Háskólans í bréfi frá 1962 og aðalhvatamaðurinn var Halldór Halldórsson.

Árið 1990 voru sett ný lög um Íslenska málnefnd, þannig að í henni sátu 15 fulltrúar í stað 5 áður. Fulltrúar voru tilnefndir af aðilum öðrum en Háskólanum, og vald hinna lærðu manna að einhverju leyti skert, en hlutverk nefndarinnar var sem áður að „varðveita og efla tunguna“, eins og mælt er með í álitum frá 1986. Um svipað leyti var Íslenskri málstöð komið á laggirnar undir forystu Baldurs Jónssonar, sem var rannsóknar- og ráðgjafarstofnun, en hún rann síðar inn í nýja Árnastofnun.

Á þessum tíma höfðu menn mestar áhyggjur af formþróuninni en árið 2008 má hins vegar greina skýra breytingu á miðlun opinberrar málstefnu. Yfirskrift hvítbókar frá því ári sem innihélt tillögur Íslenskrar málnefndar var *Íslenska til alls*. Megininntakið var að tryggja að íslenska væri notuð á sem flestum sviðum samfélagsins. Hér var **stöðuvandinn** kominn á dagskrá.

Og í nýlegra plaggi (frá 2021), sem ber heitið *Íslensk málstefna 2021–2030* kveður enn við nýjan tón, því þar beinist athyglin að **málnotendunum**. Þar segir að „jafnræði og jafnrétti [séu] lykilhugtök í íslenskri málstefnu“ og líka að málið (þ.e. íslenska) sé „**öflugt valdataeki** sem ber að beita af varúð“ og því eigi ekki að beita til að „gefa til kynna yfirburði eða undirskipun fólks eftir stétt þess og stöðu“. „Jafnrétti“ er sagt vera að „bera virðingu fyrir málnotkun allra sem tala íslensku og gæta þess að málnotkun sé ekki útilokandi“. Þessu er réttilega beint gegn of strangri umvöndunaráráttu og leit eftir málvillum hjá náunganum.

### Staðall og viðmið

Í nýlegri hræringum í málvistkerfinu hafa reyndar einnig komið fram vangaveltur sem tengjast formvandana, um það hvort ástæða sé til að „breyta íslenskum málstaðli“ eins og það er orðað. Ég er ekki viss um að allir þeir sem tekið hafa sér slíkt í munn

viti hvað fælist í slíku. A.m.k. eru félagsmálfræðingar samtímans ekki með það á hreinu hvað málstaðall er. Reyndin hefur til dæmis orðið sú hjá þýskum og dönskum málfræðingum að þeir hafa gefist upp á því að skilgreina formlega eitthvert málafríð sem staðalþýsku eða staðaldönsku. Staðallinn er hugmynd og hugmyndin breytist með tímanum. En hver er þess umkominn að segja nákvæmlega fyrir um það hvernig hann á að eða má breytast?

Einfaldasta svarið væri kannski: enginn einn aðili. Ekki einu sinni Íslensk málnefnd eins og hún hefur starfað hingað til, eða eitthvert íslenskuráð, sem hugmyndir hafa verið uppi um að koma á fót (sbr. áformað frumvarp um breytingu á lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknaðs og málstefnu).

Það var grundvallarregla sem Baldur Jónsson fylgdi, og hann þótti nokkuð strangur málvöndunarmaður, að hann eða málnefndin sem hann stýrði lengi, hefði ekkert boðvald, hún væri ráðgefandi. Hann lagði áherslu á það að leiðbeiningarnar snerust um það að greina á milli þess sem þætti viðurkennt og sætti ekki fordómum og þess sem væri fordæmt sem rangt. En hinn raunverulegi dómari í slíkum sökum var og er almenningurinn, og þar á meðal vitringarnir, sem ég nefndi. Þeir sem hafa á slíku skoðanir og eru gefnir fyrir að siða aðra til. Líka þegar þeir biðja fólk réttilega um að hneykslast ekki á málnotkun annarra, gera lítið úr þeim og skapa hjá þeim málótta.

### Lokaorð

Er einhver hætta á því að íslensk tunga deyi eða hverfi úr menningarflóru heimsins? Svarið við spurningunni fer eftir því hvað átt er við með orðunum „íslensk tunga“. Ef Ísland verður áfram byggt mannfólki sem

hefur einhverja málkunnáttu er þetta „ómöguleiki“, bæði pólitískur og raunverulegur.

Ef Ísland verður í byggð býr hér fólk sem mun kenna sig við Ísland og kalla sig Íslendinga og það fólk verður ekki mállaust. Mál þeirra verður einhvers konar íslenska samkvæmt ytri greinimörkum, þ.e. mál þessara Íslendinga, jafnvel þó það verði einhver enskublendingur, ólíkur því sem Jónas orti á, Konráð samþykkti og Sigurður Nordal skilgreindi. Við sitjum þá uppi með eitthvað sem er formlega skilgreinanlegt sem annað en sú íslenska sem við þekkjum, og þá verður hún dauð í einhverjum skilningi.

Ég skrifaði eitt sinn grein (í Málfrægnir árið 2001) sem hét Málstefna 21. aldar, þar sem ég mælti gegn því að taka upp eitthvert nýtt viðmið. Aðalröksemdin sem ég notaði til að mæla með íhaldsseminni var að tungumál sem væri í lifandi tengslum við verk Snorra Sturlusonar og Halldórs Laxness, við íslenskt laga-/og stjórnsýslumál og við málræktarhefð 19. og 20. aldar, myndi verða lífseigara, eiga auðveldara með að takast á við umdæmisvandann en eitthvert nýtt viðmið eða staðall, sem ekki byggir á þeirri hefð. „Mikinn innri kraft þyrfti í einhverja hálf-rótlausu nýíslensku til að hún stæðist enskunni snúning.“

Kannski eiga þessi orð enn við. Ég bendi á að stundum er talað um að „henda barninu út með baðvatninu“. Við skulum ekki gera það! Samtíminn er það flókinn, að nauðsynlegt er að beita skynsemi, innsæi frá nýjum rannsóknum, ekki síst í félagsfræði tungumálsins, og vanda vinnubrögðin og hafa söguna í huga!



# Um Íslenska málnefnd

Íslensk málnefnd var stofnuð 1964. Hún starfar nú samkvæmt 6. grein laga nr. 61/2011, um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls:

Ráðherra skipar Íslenska málnefnd og er skipunartími nefndarinnar fjögur ár. Í Íslenskri málnefnd eiga sæti sextán menn. Auk þess er nefndinni heimilt að bjóða mönnum, einum eða tveimur, setu í nefndinni ef hún telur það nefndarstarfinu til gagns. Hver eftirtalinna tilnefnir einn mann í málnefndina: Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Samtök móðurmálskennara, Rithöfundasamband Íslands, Blaðamannafélag Íslands, Íðorðafélagið fyrir hönd orðanefnda, Bandalag þýðenda og túlka, Staðlaráð Íslands, Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræðinga, Hagþenkir og Samband íslenskra sveitarfélaga. Samstarfsnefnd háskólastigsins tilnefnir tvo menn í málnefndina. Ráðherra skipar tvo nefndarmenn án tilnefningar og skal annar vera formaður og hinn varaformaður. Félags- og vinnumarkaðsráðherra tilnefnir þar að auki einn fulltrúa úr röðum innflytjenda. Íslensk málnefnd skiptir með sér verkum.

Hlutverk Íslenskrar málnefndar er að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu á fræðilegum grundvelli og gera tillögur til ráðherra um málstefnu, auk þess að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu. Málnefndin getur átt frumkvæði að ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi. Íslensk málnefnd semur íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og ráðherra gefur út. Grundvallarbreytingar á ritreglum eru háðar samþykki ráðherra.

Skrifstofa Íslenskrar málnefndar er í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ráðherra setur reglugerð um nánari starfsemi Íslenskrar málnefndar.

Íslensk málnefnd er þannig skipuð, tímabilið 1. janúar 2024 til 31. desember 2027:

- Ármann Jakobsson formaður, skipaður án tilnefningar
- Eva María Jónsdóttir varaformaður, skipuð án tilnefningar
- Anna Sigríður Þráinsdóttir (Ríkisútvarpið)
- Arnildur Arnaldsdóttir (Staðlaráð Íslands)
- Guðrún C. Emilsdóttir (Bandalag þýðenda og túlka)
- Jóhannes B. Sigtryggsson (Hagþenkir)
- Kristín Ólafsdóttir (Blaðamannafélag Íslands)
- Luciano Dutra (félags- og vinnumarkaðsráðuneyti)
- Marta Guðjónsdóttir (Samband íslenskra sveitarfélaga)
- Matthías Tryggvi Haraldsson (Þjóðleikhúsið)
- Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir (samstarfsnefnd háskólastigsins)
- Ragnar Jónasson (Rithöfundasamband Íslands)
- Sigrún Steingrimsdóttir (Félag íslenskukennara)
- Sveinn Yngvi Egilsson (samstarfsnefnd háskólastigsins)
- Torfi Þórhallsson (Íðorðafélagið)
- Þórður Sævar Jónsson (Upplýsing)

## Stjórn Íslenskrar málnefndar skipa:

- Ármann Jakobsson formaður
- Eva María Jónsdóttir varaformaður
- Anna Sigríður Þráinsdóttir
- Jóhannes B. Sigtryggsson
- Luciano Dutra

## Varamenn eru:

- Guðrún C. Emilsdóttir
- Þórður Sævar Jónsson
- Marta Guðjónsdóttir

Ritari og samverkamaður Íslenskrar málnefndar er Ágústa Þorbergsdóttir, [agusta.thorbergsdottir@arnastofnun.is](mailto:agusta.thorbergsdottir@arnastofnun.is), á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

# Málfregnir vefrit

1. tölublað, 22. árgangur – nóvember 2024

Útgefandi: Íslensk málnefnd

Ritstjóri: Ágústa Þorbergsdóttir

Veffang: [islenskan.is](http://islenskan.is) – vefur Íslenskrar málnefndar

ISSN : 1011-5889



ÍSLENSK MÁLNEFND